



Ritrýnd grein birt 31. desember 2012

Sigrún Aðalbjarnardóttir og Eva Harðardóttir

Lýðræðislegar bekkjarumræður og viðhorf til réttinda innflytjenda Sýn nemenda

Umfjöllun um lýðræði og mannréttindi er um þessar mundir ofarlega á baugi menntamála. Markmið rannsóknarinnar er að kanna viðhorf nemenda til mannréttinda sem snúa að réttindum og möguleikum innflytjenda með hliðsjón af því hvaða tækifæri nemendur telja sig hafa til þátttöku í lýðræðislegum umræðum í bekkjarstarfi og hve virka þeir telja sig í umræðum af því tagi. Rannsóknin er hluti af stærra rannsóknarverkefni: *Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi*. Spurningalistar voru lagðir fyrir 11, 14 og 18 ára nemendur, alls 1.414 talsins. Helstu niðurstöður eru þær að nemendur sem töldu sig hafa meiri tækifæri til lýðræðislegrar umræðu í sínum bekk voru líklegri til að hafa jákvætt viðhorf til réttinda innflytjenda í samfélaginu. Þessi jákvæða sýn nemenda á tækifæri til lýðræðislegrar þátttöku í umræðum tengdist því jafnframt að þeir töldu sig virkari í umræðu. Þá voru þeir sem töldu sig virkari í umræðu jákvæðari í garð innflytjenda. Litið er til framangreindra tengsla með tilliti til þjóðfélagsstöðu foreldra, aldurs nemenda og hvort í hlut eiga stúlkur eða piltar. Jafnframt er dregin fram sú áskorun sem felst í því fyrir skólastarf að standa fyrir lýðræðislegum umræðum nemenda.

Sigrún Aðalbjarnardóttir er prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og Eva Harðardóttir er doktorsnemi og stundakennari við sömu deild.

Democratic classroom discussions and attitudes towards immigrants' rights: Students' perspectives

The topics of democracy and human rights are at the forefront in educational policy in many countries around the world. This study addresses these topics by exploring students' experiences of opportunities for democratic discussions at school, along with their views on their own active participation in discussion. Their views are explored in relation to their attitudes towards human rights; in this case immigrants' rights. The study is part of a larger research project, on young peoples' citizenship in a democratic society, in which data was collected from Icelandic students aged 11, 14 and 18, through a questionnaire. The study's main findings were that students who experienced more opportunities for democratic discussions were more likely to have a positive view towards the rights of immigrants. They were also more likely to feel that they were active in discussions. Furthermore, students' views on how active they were in discussions mediated the relationship between their experiences of democratic discussions and their attitudes towards immigrants' rights, independent of age, gender, and

SES. The findings are discussed in relation to the challenge of fostering an open and democratic classroom climate for discussions of various societal issues.

Sigrún Aðalbjarnardóttir is professor at the Faculty of Education Studies, School of Education, University of Iceland and Eva Harðardóttir is doctoral student and part-time teacher, also at the Faculty of Education Studies.

Lýðræði og mannréttindi í brennidepli

Lýðræði og mannréttindi hafa fengið aukið vægi í umfjöllun um uppeldi og menntun barna og ungmenna á síðustu áratugum (Banks, 2009; Osler og Starkey, 2003). Margt kemur þar til. Félagslegur og menningarlegur fjölbreytileiki í kjölfar hnattvæðingar kallar á umræðu um mannréttindi ýmissa hópa. Eftir að *Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna* var samþykkt árið 1948 til að tryggja grundvallarrétt manna óháð aldri, kynferði, kynhneigð, hæfni, stöðu í samfélaginu, trúarafstöðu, litahætti og þjóðerni, hafa mannréttindasáttmálar tiltekinna hópa fylgt í kjölfarið. Þeirra á meðal er *Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna* sem samþykktur var árið 1989 og undirritaður af Íslands hálfu árið 1992 (*Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* nr. 18/1992). Þar er kveðið á um margs konar rétt barna og má nefna sem dæmi að tryggja eigi „barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska“ (12. gr. 1). Þá eru ýmsir þeirrar skoðunar að merki séu um að styrkja þurfi betur lýðræðishugsjónina og hvetja ungt fólk til virkrar þátttöku í þjóðfélagsmálum þar sem í stafni er ekki aðeins gildið frelsi til athafna heldur einnig samfélagsleg gildi eins og samábyrgð og samlíðan (sjá t.d. handbók Sherrod, Torney-Purta og Flanagan, 2010).

Lýðræði og mannréttindi eru samofin. Lýðræðisþjóðfélög byggjast á grundvallargildunum frelsi, jafnrétti og systkinalagi: Í fyrsta lagi frelsi manneskjunnar til að tjá skoðanir sínar og taka frumkvæði. Í öðru lagi jöfnum rétti fólks til að njóta andlegra og efnislegra gæða sem felst í því að fá tækifæri til menntunar, njóta menningar og taka þátt í menningarlífi, búa við félagslegt og efnahagslegt öryggi bæði í einkalífi og þjóðlífi, auk öryggis sem snertir heilsu og réttarfar. Í þriðja lagi systkinalagi sem einkennist af umhyggju og umburðarlyndi, samkennd og samábyrgð borgaranna. Í þessum grundvallargildum lýðræðisþjóðfélaga felast mannhelgi og virðing fyrir manngildi hvers borgara. Við höfum tiltekin lýðréttindi sem borgarar og um leið skyldur og ábyrgð gagnvart öðrum borgurum bæði í samfélagi okkar og á alþjóðavísu. Þannig vefjast hugmyndir um lýðræði og mannréttindi saman (sjá nánar í Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007, bls. 91–94).

Ólafur Páll Jónsson (2011) greinir í þessu samhengi á gagnlegan hátt á milli annars vegar formlegra kenninga um lýðræði þar sem áhersla er lögð á skipulag og ferli (t.d. þriggreining ríkisvalds og lýðræðislegar kosningar) og hins vegar efnislegra kenninga um lýðræði þar sem áherslan hljóti að vera á réttlæti, nánar tiltekið mannréttindi. Hann segir „nauðsynlegt að lýðræði og mannréttindi fari saman“ þar sem „full vernd og viðurkenning mannréttinda er beinlínis forsenda lýðræðis“. Ólafur Páll tengir þessa hugsun því að fólk hafi rétt til að lifa með fullri reisn: Mannréttindi gegni sérstöku hlutverki í lýðræðisamfélagi þar sem þau „skilgreina lágmarksskilyrði þess að borgararnir geti lifað sem manneskjur með fullri reisn“ (bls. 110–111).

Kenningar menntunarfræðingsins John Dewey (1944/1916) um mikilvægi lýðræðis í skólastarfi eru vel þekktar. Dewey gerir kröfu til þess að skóli sé börnum félagslegur vettvangur þar sem þau fái jöfn tækifæri til að læra um og upplifa lýðræði í verki. Skilningur Deweys á lýðræðislegu hlutverki skólans endurspeglar hugmyndafræði verkhyggju (e. *pragmatism*) þar sem litið er svo á að mótun þekkingar einstaklingsins sé *dínamskt* ferli í samspili við umhverfið; nemendur móta og þróa þekkingu sína með því að takast

sjálfir á við verkefni á virkan hátt. Skólasamfélagið í heild, þeir starfshættir sem þar tíðkast, endurspeгла að hve miklu leyti nemendum er búið umhverfi til þess að þróa með sér eiginleika og gildi sem rennt geta stöðum undir lýðræðislegt og réttlátt samfélag. Eins og Ólafur Páll Jónsson (2011, bls. 39) kemst að orði: „Skortur á lýðræði í skilningi Deweys – þ.e. skortur á lýðræðislegum starfsháttum – er í senn skortur á sanngjörnum námstækifærum og raunhæfum þroskaleiðum.“

Fræðimenn hafa látið til sín taka með rannsóknum á borgaravitund ungs fólks (e. *citizenship, civic engagement*) með áherslu á lýðræði og mannréttindi. Þeir hafa m.a. staðið að viðamiklum alþjóðarannsóknum á borð við *The IEA Civic Education Study (CIVED)* árið 1999 (International Association for the Evaluation of Educational Achievement, 2011a) og í framhaldi *The International Civic and Citizenship Education Study (ICCS)* árið 2009 (International Association for the Evaluation of Educational Achievement, 2011b). Á grunni slíkra rannsókna hefur meðal annars komið fram áskorun um að efla borgaravitund barna og unglunga; hvað það merki að vera samfélagsþegn eða borgari með þeim lýðréttindum, skyldum og ábyrgð sem því fylgir og hvetja þau til virkrar þátttöku um málefni sín í lýðræðislegu fjölmeningarsamfélagi (t.d. Banks, 2009; Crick, 2005; Damon, 2001; Haste, 2001; Kerr, Sturman, Schulz og Burge, 2010).

Hugmyndir um lýðræði og mannréttindi fléttast saman í alþjóðlegri stefnumótun í menntamálum með áherslu á að efla og styrkja borgaravitund barna og ungmenna, þ.e. skilning þeirra á lýðræði og mannréttindum og færni í að taka þátt í lýðræðissamfélagi. Sjá má þessa áherslu m.a. í menntastefnu Evrópuráðsins í upphafi nýrrar aldar, t.d. í verkefni sem ber í íslensku þýðingu heitið *Menntun í lýðræðislegri borgaravitund og mannréttindum* (Evrópuráðið, 2011). Þar segir að meginmarkmiðið sé að nemendur öðlist þekkingu, færni og skilning; þróa með sér viðhorf og hegðun sem býr þá undir og hvetur þá til að vinna að og vernda bæði lýðræði í samfélaginu og mannréttindi fólks. Lykilhæfni sé þar ábyrgðarkennd, virðing fyrir fjölbreytileika og virk þátttaka í samfélaginu (sjá Evrópuráðið, 2010). Lýðræði og mannréttindi eru einnig tengd saman í menntastefnu ýmissa þjóða, meðal annars nýverið hér á landi þar sem einn af grunnþáttum menntunar í námskrám á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi ber yfirskriftina *lýðræði og mannréttindi* (Menntamálaráðuneytið, 2011).

Þegar leitast er við að efla lýðræðislega borgaravitund barna og ungmenna í skólasterfi og auka skilning þeirra á mannréttindum hefur verið lögð áhersla á að þau fái tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegum umræðum með það að leiðarljósi að slík þátttaka styrki um leið færni þeirra og virkni í umræðu. Mikilvægt sé að þau ráði yfir hæfni til að skoða ýmsar hliðar mála, tjá skoðanir sínar, samhæfa sjónarmið og fylgja niðurstöðum eftir í samvinnu við aðra (t.d. Cornett og Gaudelli, 2003; Selman og Kwok, 2010; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007; Wolfgang Edelstein, 2008). Dewey (2000/1938) leit á lýðræði sem persónulegan lífsmáta og taldi fólk hafa val um að taka réttlátar og skynsamlegar ákvarðanir í samvinnu við aðra. Lýðræði sem stjórnskipan eða samfélagsform ætti að birtast þannig að einstaklingar þroski með sér tiltekin gildi, viðhorf og færni sem greina má í daglegu lífi og samskiptum fólks.

Í ofangreindu ljósi beinist þessi rannsókn að því að skoða sýn íslenskra nemenda á tækifæri þeirra til lýðræðislegrar umræðu í bekkjarstarfi og þátttöku þeirra í umræðu á þeim nótum. Sú sýn er athuguð í tengslum við viðhorf þeirra til mannréttinda sem lúta að réttindum og tækifærum innflytjenda. Skortur er á þeirri áherslu í rannsóknum bæði hér á landi og erlendis.

Fræðilegt baksvið

Viðhorf ungs fólks til réttinda innflytjenda

Eftir því sem menningarlegur fjölbreytileiki í þjóðfélögum eykst hafa rannsakendur beint sjónum sínum að skoðunum og viðhorfi ungs fólks til mannréttinda með tilliti til ýmissa samfélags- og menningarhópa (sjá yfirlitsgrein Olander, Kirby og Schmitt, 2005). Niðurstöður alþjóðlegra samanburðarannsókna á borgaravitund ungmenna í löndum víða um heim á vegum IEA benda til þess að 14 ára unglingar hafi að jafnaði jákvætt viðhorf til réttinda og tækifæra ýmissa hópa samfélagsins (Kerr o.fl., 2010; Torney-Purta, Lehmann, Oswald og Schulz, 2001). Sem dæmi má nefna að bæði árið 1999 og 2009 studdi meirihluti (79% og 80%) ungmennanna rétt innflytjenda til að viðhalda tungumáli sínu og menningu og reyndust ungmenni frá Svíþjóð, Lúxemborg og Búlgaríu hafa jákvæðasta viðhorfið í því efni. Flest ungmennanna höfðu jafnframt jákvætt viðhorf til réttinda innflytjenda sem lúta að menntun þeirra. Sem dæmi má nefna að rúmlega 90% aðspurðra voru ýmist sammála eða mjög sammála því bæði árin að börn innflytjenda ættu að njóta sömu réttinda og tækifæra til menntunar og önnur börn (Kerr o.fl., 2010; Torney-Purta o.fl., 2001).

Viðhorf íslenskra ungmenna til innflytjenda er að sama skapi fremur jákvætt (Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson, 1999). Á árunum í kringum aldamótin síðustu kom þó fram að viðhorf 14 og 15 ára unglinga til innflytjenda varð heldur neikvæðara. Þannig voru 85% þeirra sammála þeirri fullyrðingu að menning „nýbúa“ hefði jákvæð áhrif á íslenskt samfélag árið 1997, en 70% árið 2003 (Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson og Jón Sigfússon, 2005). Niðurstöðurnar hafa verið túlkðar sem svo að með auknum fjölda innflytjenda hingað til lands hafi viðhorf fólks, þar á meðal ungmenna, til veru innflytjenda hér á landi orðið heldur neikvæðara. Spurning er þó hvort viðhorf ungmenna sé að verða jákvæðara aftur. Í rannsókn sem gerð var vorið 2011 á lífsgildum ungs fólks á aldrinum 18 til 24 ára kom fram að meirihluti þess eða 84% sögðust mjög sammála eða sammála þeirri fullyrðingu að lærdómsríkt væri að eiga vini af ólíkum uppruna og tæp 90% töldu að kynþáttafordómar ættu aldrei rétt á sér (Guðmundur E. Finnbogason, Gunnar J. Gunnarsson, Halla Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2011). Vissulega er þó ekki spurt um nákvæmlega sömu atriði í þessum rannsóknum og aldurs-
hópurinn er heldur ekki sá sami, sem torveldar samanburðinn.

Stúlkur hafa að öllu jöfnu jákvæðara viðhorf til innflytjenda en piltar (Schulz, Ainley, Fraillon, Kerr og Losito, 2010; Torney-Purta o.fl., 2001). Í nýjustu rannsókn IEA á borgaravitund ungs fólks (ICCS) kemur þessi kynjamunur enn fram. Kynjamunurinn reynist mestur á viðhorfi stúlkna og pilta í Svíþjóð og Finnlandi og voru stúlkur frá þessum löndum jafnframt líklegastar til að hafa jákvætt viðhorf til innflytjenda (Kerr o.fl., 2010). Svipaðan mun á viðhorfi stúlkna og pilta í þessu efni má sjá hér á landi meðal 14 og 15 ára unglinga (Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl., 2005).

Lýðfræðilegir þættir eins og menntun, félagsleg staða og efnahagur foreldra virðast skipta talsverðu máli um viðhorf ungs fólks til innflytjenda. Í rannsókn Gniewosz og Noack (2008) á viðhorfum þýskra ungmenna í 6., 8. og 10. bekk kom fram að eftir því sem foreldrar áttu lengri skólagöngu að baki höfðu ungmennin jákvæðara viðhorf til innflytjenda. Svipaðar niðurstöður koma fram hér á landi, einkum með lengri skólagöngu móður (Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl., 2005).

Stéttarstaða foreldra virðist jafnframt hafa sitt að segja um viðhorf ungmenna. Sem dæmi má nefna að norsk ungmenni (16 ára), sem eiga föður, sem býr við betri félagslega stöðu og efnahag, höfðu minni fordóma í garð innflytjenda en þau, sem eiga föður sem býr við lakari félagslega stöðu og efnahag (Krange, 2001).

Skólatengdir þættir

Rannsóknir á því hvernig þættir skólastarfs tengjast viðhorfi nemenda til innflytjenda beinast iðulega að námsárangri þeirra. Þýsk athugun (Gniewosz og Noack, 2008) á viðhorfi ungmenna í 6., 8. og 10. bekk til innflytjenda bendir til að þau sem sýna betri námsárangur séu líklegri til að hafa meira umburðarlyndi gagnvart innflytjendum en þau sem sýna slakari árangur. Þó kom fram að því meiri þrýsting sem nemendur upplifðu á að sýna góðan námsárangur þeim mun neikvæðara var viðhorf þeirra til innflytjenda. Einnig voru þeir nemendur sem töldu kennara sanngjarna í kennslu sinni jákvæðari í garð innflytjenda. Hér á landi hefur einnig komið fram að þau ungmenni sem sýna betri námsárangur hafa jákvæðara viðhorf til innflytjenda. Það á einnig við um þau sem hafa jákvæðara viðhorf til náms og líður vel í skóla (Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl., 2005).

Í rannsókn Torney-Purta, Wilkenfeld og Barber (2008), sem unnin er úr gögnum rannsóknar IEA, *CIVED*, kemur fram að með aukinni borgaralegri þekkingu 14 ára ungmenna (s.s. á sáttmálum Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi og réttindi barna) hafi þau jákvæðara viðhorf til innflytjenda. Að sama skapi hafi þau ungmenni jákvæðara viðhorf til innflytjenda sem telja þátttöku sína í skólanum skipta máli.

Mikilvægi umræðna í bekkjarstarfi

Sú áhersla kemur fram í ýmsum fræðikenningum að umræður í bekkjarstarfi, samræður nemenda, efli hugsun þeirra og styrki þá námslega. Þar á meðal eru hugmyndir Deweys (1944/1916, 1994/1933) um menntun og skólastarf. Dewey lagði sérstaka áherslu á að þekking og skilningur byggist upp í félagslegum samskiptum, ekki síst í samræðum þar sem fólk teflir fram ýmsum sjónarmiðum, greinir á og kemur sér saman um lausnir. Í því skyni að búa nemendur undir að taka virkan þátt í lýðræðislegu þjóðfélagi skiptir því miklu að hans mati að bekkjarstarfið einkennist af samvinnu og rökræðum um margvísleg sjónarmið þar sem reynir á sjálfstæða og gagnrýna hugsun. Lawrence Kohlberg (1981; Power, Higgins og Kohlberg, 1989) var sömu afstöðu í menntunarfræðikenningu sinni um siðferðisþroska. Hann lagði sérstaka áherslu á þátttöku í samræðum við að efla siðferðisþroska barna og ungmenna sem væri um leið ein undirstaða samfélagsvitundar þeirra (Oser, Althof, Higgins-D'Alessandro, 2008). Mikhail Bakhtin (1981) leit einnig í heimspæki kenningu sinni á félagsleg samskipti sem tækifæri til að öðlast merkingu og byggja upp þekkingu; samræðan væri samskiptaferli þar sem þátttakendur hjálpa hver öðrum að orða hugsun sína og öðlast dýpri skilning.

Rannsóknir, sem segja má að séu í anda framangreindra fræðimanna, gefa vísbendingar um að nemendur sem fá tækifæri til að skoða álita- og ágreiningsmál frá ýmsum hliðum, velta vöngum, vega og meta mismunandi skoðanir, rökræða og komast að niðurstöðu, geti styrkt margvíslegan skilning sinn og færni. Rannsókn Gaudelli og Fernekes (2004) bendir til þess að nemendur sem fá markvissa þjálfun í að ræða ýmis samfélagsleg álitamál líðandi stundar í bekkjarstarfi virðast gera sér betur grein fyrir því að tiltekin viðhorf og gildi, meðal annars mannréttindi ólíkra samfélagshópa, gegni mikilvægu hlutverki fyrir lýðræðislegt samfélag en þeir nemendur sem ekki fá tækifæri til slíkra umræðna. Einnig hefur komið fram að unglingar sem hvattir eru til að taka þátt í skipulögðum umræðum um siðferðileg álitamál taka meiri framförum í siðferðisþroska en þeir sem ekki fá slík tækifæri (Power o.fl., 1989).

Hér á landi benda niðurstöður rannsókna (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1993) jafnframt til þess að ef í bekkjarstarfi fari fram markvissar umræður um ágreinings- og álitamál, sýni nemendur meiri framfarir í félagsþroska og samskiptahæfni – bæði í hugsun og hegðun – sem kemur fram í því að þeir skoða ágreiningsmál í ríkara mæli frá mismunandi hliðum og leysa þau á árangursríkan hátt. Í þeirri umræðu er lögð áhersla á að nemendur geti tjáð skoðanir sínar, sett sig í spor annarra, bæði vitsmunalega og tilfinningalega, geti rætt

sín á milli, deilt, rökrætt og komist að samkomulagi eða viðurkennt á grundvelli raka að ekki náist samstaða vegna ólíkra sjónarmiða (sjá nánar í Sigrún Aðalbarnardóttir, 2007).

Fleiri dæmi má sjá í yfirlitsgreinum um niðurstöður rannsókna um árangursrík verkefni í skólasterfi sem miða að því að efla margvíslegan þroska nemenda með því að leggja áherslu á lýðræðislegar umræður í bekkjarstarfi sem felast í samræðu og samvinnu nemenda (sjá yfirlitsgreinar Berkowitz, Sherblom, Bier og Battistich, 2006; Johnson og Johnson, 1996; Solomon, Watson og Battistich, 2001).

Sýn ungs fólks á tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum í bekkjarstarfi

Viðamestu rannsóknirnar á sýn ungs fólks á tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegum umræðum í bekkjarstarfi eru alþjóðlegar rannsóknir IEA á borgaravitund ungs fólks (1971, níu lönd; 1999, 28 lönd; 2009, 38 lönd). Afstaða unga fólksins er könnuð með spurningalistum og meðal annars spurt hvort kennari þeirra veiti þeim tækifæri til að tjá eigin skoðanir, taka sjálfstæðar ákvarðanir og skoða fleiri en eina hlið á þeim málum sem til umfjöllunar eru.

Í fyrstu rannsókn IEA á borgaravitund ungs fólks árið 1971 kom fram að þau ungmenni (10, 14 og 18 ára) sem töldu sig fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar í bekkjarstarfi voru líklegri til þess að taka þátt í pólitískri umræðu innan skóla sem utan (Torney, Oppenheim og Farnen, 1975). Sömuleiðis kom fram í IEA CIVED rannsókninni frá árinu 1999 (Campbell, 2008) að þeir nemendur (14 ára) sem töldu sig hafa meiri tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum voru betur að sér í ýmsum málefnum er snerta lýðræðislegt og borgaralegt skipulag. Þeir voru einnig líklegri til að ætla sér að taka upplýsta ákvörðun um hvernig þeir kysu í næstu þing- eða sveitarstjórnarkosningum.

Í greiningu Torney-Purta og féлага (2008) á sömu gögnum kom jafnframt í ljós að þeir nemendur sem töldu sig fá tækifæri til að taka þátt í opnum og lýðræðislegum umræðum í bekkjarstarfi voru líklegri til að þykja þátttaka borgara í félagslegum hreyfingum mikilvæg í hverju samfélagi. Niðurstöður á svipuðum nótum komu fram í rannsókn Hahn (1998) á borgaravitund ungs fólks á aldrinum 14 til 15 ára í fimm löndum (Danmörku, Bretlandi, Bandaríkjunum, Hollandi og Þýskalandi): Þeir nemendur sem upplifðu einna oftast tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum í bekkjarstarfi höfðu meiri áhuga á stjórnmálum og báru frekar traust til ýmissa stofnana í landinu.

Í ofangreindum rannsóknum reyndust stúlkur í öllum löndum líklegri til að upplifa fleiri tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum og skoðanaskipta í bekkjarstarfi en piltar (Hahn, 1998; Torney o.fl., 1975; Torney-Purta o.fl., 2001; Schulz o.fl., 2010).

Lítið hefur borið á rannsóknum þar sem sýn nemenda á tækifæri til að taka þátt í opinni og lýðræðislegri umræðu í bekkjarstarfi er skoðuð í tengslum við viðhorf þeirra til mannréttinda, þar á meðal réttinda innflytjenda. Undantekning frá því er greining Torney-Purta og féлага (2008) á gögnum úr rannsókn IEA, CIVED. Niðurstöður þeirra benda til að ungmenni sem frekar segjast hafa reynslu af lýðræðislegum bekkjarbrag hafi jákvæðara viðhorf til innflytjenda (sjá einnig þýska rannsókn Gniewosz og Noack, 2008). Enn færri rannsóknir, ef nokkrar, beinast að sýn ungmenna á eigin virkni í umræðu þar sem rætt er um viðhorf þeirra til mannréttinda. Rannsókninni sem hér er til umfjöllunar er ætlað að bæta úr því og er þar lögð áhersla á viðhorf sem snerta réttindi innflytjenda.

Nánar tiltekið beinist athyglin í rannsókninni að sýn íslenskra ungmenna á tækifæri í bekkjarstarfi til þess að taka þátt í lýðræðislegum umræðum sem felst meðal annars í því að eiga þess kost að tjá skoðanir sínar og taka þátt í umræðu um álitamál. Sú reynsla þeirra er skoðuð í tengslum við viðhorf þeirra til réttinda innflytjenda. Jafnframt er hér tekið nýtt skref með því að kanna sýn nemenda á það hversu virka þeir telja sig sjálfa

þegar þeir ræða mál. Sú sýn er skoðuð annars vegar í tengslum við mat þeirra á því hversu góð tækifæri þeir fá til að taka þátt í lýðræðislegum umræðum í bekkjarstarfi og hins vegar í tengslum við viðhorf þeirra til réttinda innflytjenda.

Rannsóknarspurningar eru:

- Hver eru tengslin á milli þess í hvaða mæli nemendum finnst þeir fá tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegum umræðum í bekkjarstarfi og
 - viðhorfs þeirra til réttinda innflytjenda?
 - sýnar þeirra á hversu virkir þeir eru í umræðu?
- Hver eru tengslin á milli sýnar nemenda á hversu virkir þeir eru í umræðu og viðhorfs þeirra til réttinda innflytjenda?
- Hvernig tengist samspil (a) þess í hve miklum mæli nemendum finnst þeir fá tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegum umræðum í bekkjarstarfi og (b) sýnar þeirra á eigin virkni í umræðu, viðhorfi þeirra til réttinda innflytjenda?

Ofangreind tengsl verða könnuð með tilliti til aldurs (11, 14 og 18 ára) og kyns nemenda og starfsstéttar foreldra.

Í ljósi af framangreindum niðurstöðum má búast við því að þeir nemendur, sem oftast greina tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegum umræðum, séu jákvæðari í viðhorfi sínu til réttinda innflytjenda (Gniewosz og Noack, 2008; Torney-Purta o.fl., 2008) og telji sig jafnframt virkari í almennri umræðu. Einnig er búist við því að þeir nemendur sem telja sig virkari í umræðu hafi einnig jákvæðara viðhorf til réttinda innflytjenda. Þess er vænst þar sem virknin felur m.a. í sér að þeir telja sig oftast hlusta af virðingu á fólk af öðrum uppruna, skoða mál frá mismunandi hliðum og velta fyrir sér kostum og ókostum mögulegra lausna á málum. Með hliðsjón af ofangreindum tengslum er búist við því að sambandið á milli sýnar nemenda á tækifæri sín til þátttöku í lýðræðislegum umræðum og viðhorfs þeirra til réttinda innflytjenda komi að hluta til fram í þátttöku þeirra eða virkni í umræðum.

Aðferð

Þátttakendur

Þátttakendur rannsóknarinnar eru 11, 14 og 18 ára ungmenni úr þremur byggðakjörnum landsins. Alls tóku 1.414 ungmenni þátt: 372 þeirra voru 11 ára (46% stúlkur, svörun 81%); 509 þeirra voru 14 ára (51% stúlkur, svörun 79%) og 533 í framhaldsskóla (60% stúlkur, svörun 60%). Rannsóknin er hluti viðameiri rannsóknar sem nefnist *Borgaravítund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi* (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2011).

Byggðakjarnarnir þrír voru valdir með það í huga að þar væru bæði grunnskóli og framhaldsskóli. Við val á svæðum var leitast við að fá þverskurð af mismunandi búsetu ungmennanna milli byggðakjarna. Höfuðborgin var valin og tveir landsbyggðarkjarnar, annar norðan heiða og hinn sunnan. Annar landsbyggðarkjarnanna er við sjávarströnd en hinn ekki, en báðir þjóna jafnframt landbúnaðarhéruðum. Á tveimur þessara þriggja svæða eru nokkrir grunnskólar (í Reykjavík og öðrum landsbyggðarkjarnanum) og var hluti þeirra valinn úr mismunandi hverfum staðanna. Framhaldsskólar í Reykjavík voru valdir eftir mismunandi skipulagi og hverfum. Þar tóku sjö grunnskólar þátt og fjórir framhaldsskólar. Í öðrum landsbyggðarkjarnanum tóku þrjú grunnskólar þátt og einn framhaldsskóli og í hinum tveimur grunnskólar og einn framhaldsskóli.

Óskað var eftir þátttöku allra nemenda í viðkomandi árgöngum sem skráðir voru í skólana sem valdir voru. Aðeins eitt foreldri nemanda úr yngsta aldurshópnum baðst undan þátttöku. Svarhlutfall af skráðum nemendum var 61% og 89% í grunnskólum landsbyggðar-

kjarnanna tveggja og 81% í Reykjavík. Samsvarandi tölur fyrir framhaldsskólanemendur sem tóku þátt voru 60%, 65% og 55%.

Framkvæmd

Rannsóknin var tilkynnt Persónuvernd. Fengið var leyfi fyrir rannsókninni frá mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélögum þar sem við átti og sömuleiðis fengið leyfi frá ungmennunum, foreldrum þeirra, skólastjórnendum og kennurum.

Gagnasöfnun með spurningalistum fór fram frá október til desember 2009, auk fyrirlagnar í einum framhaldsskólanna í Reykjavík í janúar 2010. Sum ungmennin höfðu því ekki náð 11, 14 eða 18 ára aldri. Spurningalistar voru lagðir fyrir heilu árgangana í skólunum sem tóku þátt. Þeir voru lagðir fyrir á skólatíma fyrir þá nemendur í 6. og 9. bekk sem mættir voru í skólann þann dag. Erfiðara reyndist að ná til allra nemenda í framhaldskólum, en víða voru þeir boðaðir til þátttöku utan hefðbundins kennslutíma. Ástæður fjarveru þeirra geta verið margvíslegar. Nemendur dreifast á námskeið og áfanga og hefur hluti þeirra sennilega átt erfitt með að mæta á þeim tíma sem um ræddi. Þá gætu þeir sem ekki mættu hafa hætt í skólanum þótt þeir hafi enn verið skráðir; brottfall úr framhaldsskóla er hátt á þessum aldri hér á landi (Blondal, Jonasson og Tannhauser, 2011). Skæð umgangsstætti setti einnig strik í reikninginn, einkum í öðrum byggðakjarnanum á landsbyggðinni, sem skýrir að hluta til fremur lágt svarhlutfall í sumum skólunum.

Mælitæki

Mælingin *Viðhorf unga fólksins til tækifæra og réttinda innflytjenda* er fengin úr rannsókn IEA, *CIVED* (Torney-Purta o.fl., 2001) og tekur til atriða eins og að innflytjendur ættu að hafa sömu tækifæri og annað fólk í landinu, t.d. til atvinnu, menntunar og kosningaréttar (8 atriði, Cronbach's alpha er = 0,79). Dæmi um atriði eru: „Börn innflytjenda ættu að hafa sömu réttindi til menntunar og önnur börn.“ – „Innflytjendur ættu ekki að hafa tækifæri til að halda áfram að tala upprunamál sitt utan heimilisins.“ – „Innflytjendur ættu að hafa sömu réttindi og annað fólk í landinu.“ Svarmöguleikar eru á bilinu einn („mjög ósamála“) til fjórir („mjög sammála“).

Mælingin á sýn unga fólksins á „tækifæri fyrir opnar lýðræðislegar umræður“ (6 atriði: Cronbach's alpha er $r = 0,84$) er einnig úr rannsókn IEA, *CIVED* (Torney-Purta o.fl., 2001). Dæmi um atriði eru: „Kennarar mínir hvetja nemendur til að ræða mál sem fólk hefur mismunandi skoðanir á.“ – „Kennarar mínir kynna fleiri en eina hlið á málinu þegar mál eru rædd í tímum.“ – „Kennararnir hvetja okkur til að segja hvað okkur finnst.“ – „Kennararnir hlusta á skoðanir nemenda.“ Svarmöguleikar eru á bilinu einn („aldrei“) til fjórir („oft“).

Mælingin á sýn ungmennanna á „eigin virkni í umræðu“ er frá Fine og Bermudez (2007) og er skali úr *The Civic Capacities for Deliberations Scale* í *The Civic Learning Study* sem stofnunin Facing History and Ourselves stendur að (7 atriði, Cronbach's alpha er $r = 0,80$). Dæmi um atriði eru: „Ég hlusta á skoðanir annarra þótt ég sé þeim ósammála.“ – „Ég reyni að sjá mál út frá mismunandi hliðum.“ – „Ég segi mína skoðun jafnvel þótt aðrir séu ósammála.“ Svarmöguleikar eru á bilinu einn („aldrei“) til fjórir („oft“).

Spurt var hvort móðir og faðir hefðu starf og í framhaldi var opin spurning um hvert starfið væri. Við flokkun starfanna var notaður starfsskali sem skiptist í níu atriði (*Ístarf95*, 2009). Kvarðinn spannar störf frá ófaglærðu verkafólki til háskólamenntaðs fólks. Við úrvinnslu svara í tengslum við aðrar breytur var starfsskalanum skipt í þrennt: Starfsstétt 1: kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn, stjórnendur og sérfræðingar; Starfsstétt 2: tæknar, sérmenntað starfsfólk og skrifstofufólk; Starfsstétt 3: þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk, iðnaðarmenn, verkafólk, bændur, sjómenn, véla- og vélgæslufólk o.fl.

Tölfræðileg greining

Frumbreytur voru kyn, aldur, stéttarstaða foreldra, tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum og sýn á eigin virkni í umræðu. Fylgibreyta var viðhorf til tækifæra og réttinda innflytjenda.

Til að kanna tengsl bakgrunnsbreyta—aldurs, kyns, stéttarstöðu—við viðhorf til réttinda innflytjenda, upplifun af tækifærum til þátttöku í lýðræðislegum umræðum og virkni í umræðu var framkvæmd dreifigreining (*MANOVA*). Fylgni var einnig keyrð á milli breytanna þriggja: tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum, virkni í umræðu og viðhorf til réttinda innflytjenda.

Fjölbreytuaðhvarfsgreining (e. *multiple regression analysis*) var notuð til að athuga (a) upplifun nemenda af tækifærum til þátttöku í lýðræðislegum umræðum og (b) sýn þeirra á eigin virkni í umræðu í tengslum við viðhorf þeirra til réttinda innflytjenda. Tekið var jafnframt tillit til kyns, aldurs og stéttarstöðu.

Í aðhvarfsgreiningunni var unnið með bakgrunnsbreytur sem tvíkostabreytur. Stúlkur fengu gildið núll og drengir einn. Aldur var mældur með tveimur tvíkostabreytum, einni fyrir 14 ára aldurshópinn og annarri fyrir 18 ára aldurshópinn. Yngstu nemendurnir, þeir sem voru 11 ára, eru því samanburðarhópur. Stéttarstaða foreldra var einnig mæld með tveimur tvíkostabreytum; einni breytu fyrir stétt 2 og annarri fyrir stétt 1. Þeir nemendur sem eiga foreldra í stétt 3 eru því samanburðarhópur.

Niðurstöður

Meirihluti nemenda (í heild 73–90%) tók jákvæða afstöðu (mjög sammála og sammála) til réttinda og tækifæra innflytjenda. Niðurstöður má sjá í *Töflu 1* eftir aldri nemenda. Sem dæmi mætti nefna að meirihluti nemenda eða um 80% var hlynntur því að innflytjendur ættu að hafa tækifæri til að viðhalda upprunalegum siðum sínum og lífsstíl. Þá sögðu 90% mjög sammála (65%) og sammála (25%) því að börn innflytjenda hefðu sama rétt til menntunar og önnur börn. Þessi tiltekna fullyrðing vakti jákvæðustu viðbrögð nemenda.

Tafla 1 – Viðhorf til réttinda og tækifæra innflytjenda eftir aldri			
	11 ára	14 ára	18 ára
Innflytjendur ættu ekki að hafa tækifæri til að halda áfram að tala upprunamál sitt utan heimilisins.			
Frekar/mjög ósammála	28%/43%	36%/42%	39%/30%
Frekar/mjög sammála	14%/14%	14%/8%	23%/8%
Börn innflytjenda ættu að hafa sömu réttindi til menntunar og önnur börn.			
Frekar/mjög ósammála	5%/5%	10%/5%	4%/2%
Frekar/mjög sammála	22%/68%	28%/57%	24%/70%
Innflytjendur sem hafa búið hérlendis í nokkur ár ættu að eiga rétt á því að kjósa í kosningum.			
Frekar/mjög ósammála	10%/6%	8%/15%	17%/6%
Frekar/mjög sammála	31%/53%	41%/36%	47%/31%

Innflytjendur ættu ekki að hafa tækifæri til að halda uppþrunalegum siðum sínum og lífsstíl.			
Frekar/mjög ósammála	27%/49%	35%/43%	44%/40%
Frekar/mjög sammála	13%/11%	13%/9%	12%/5%
Innflytjendur ættu að hafa öll sömu réttindi og annað fólk í landinu.			
Frekar/mjög ósammála	12%/6%	13%/9%	10%/3%
Frekar/mjög sammála	26%/56%	35%/43%	49%/37%

Viðhorf til réttinda innflytjenda: Aldur, kyn og stéttarstaða

Niðurstöður dreifigreiningarinnar (MANOVA) eru hér settar fram. Athugun á samvirkni breyta er einungis tilgreind þegar hún er marktæk.

Tafla 2 sýnir meðaltöl og staðalfrávik breytanna 'viðhorf til innflytjenda', 'tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum' og 'eigin virkni í umræðu' eftir kyni, aldri og stéttarstöðu. Fram kom munur eftir kyni á viðhorfi nemenda til réttinda innflytjenda, ($F(1,1343) = 93,91$, $p < 0,0001$). Eins og sjá má á meðaltölum í *Töflu 2* reyndust stúlkur almennt hafa jákvæðara viðhorf en piltar til réttinda innflytjenda. Einnig kom fram munur eftir aldri, ($F(2,1328) = 5,62$, $p < 0,001$). Yngstu nemendurnir, þeir sem voru 11 ára höfðu jákvæðara viðhorf til réttinda innflytjenda en 14 ára nemendur (Scheffé, $p < 0,001$). Samvirkni milli kyns og aldurs kom þó fram. Við 14 og 18 ára aldur höfðu stúlkur jákvæðara viðhorf til innflytjenda en piltar (14 ára: stúlkur $M=3,37$, piltar $M = 2,89$; $t(474) = 9,43$, $p < 0,0001$. 18 ára: stúlkur $M = 3,31$, piltar $M = 3,07$; $t(522) = 5,60$, $p < 0,0001$). Munur á viðhorfum 11 ára stúlkna og pilta reyndist aftur á móti ekki marktækur.

Tafla 2 – Meðaltöl og staðalfrávik									
	Viðhorf til innflytjenda			Sýn á tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum			Sýn á eigin virkni í umræðu		
	M	SF	N	M	SF	N	M	SF	N
Stúlkur	3,33	0,47	736	3,20	0,53	749	3,27	0,44	757
Drengir	3,05	0,59	629	3,09	0,63	662	3,06	0,58	669
11 ára	3,27	0,56	350	3,30	0,60	364	3,19	0,57	371
14 ára	3,14	0,60	476	2,99	0,65	503	3,07	0,55	507
18 ára	3,21	0,48	524	3,19	0,46	528	3,26	0,44	531
Stétt 1	3,26	0,53	748	3,17	0,56	755	3,26	0,47	764
Stétt 2	3,20	0,49	261	3,13	0,56	272	3,14	0,48	272
Stétt 3	3,08	0,59	349	3,11	0,64	378	3,02	0,61	382

Þá kom fram munur á viðhorfi nemenda til réttinda innflytjenda eftir stéttarstöðu foreldra, ($F(2,1337) = 16,14$ $p < 0,001$). Nemendur sem eiga foreldri í stétt 1 (kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn, stjórnendur og sérfræðingar) eða stétt 2 (tæknar, sérmenntað

starfsfólk og skrifstofufólk) höfðu marktækt jákvæðara viðhorf til réttinda innflytjenda en nemendur sem eiga foreldri í stétt 3 (þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk, iðnaðarmenn, verkafólk, bændur, sjómenn, vélagæslufólk o.fl.), (Scheffé, $p < 0,001$).

Þegar litið er til sýnar nemenda á tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum kom fram marktækur munur bæði eftir aldri, ($F(2,1328) = 25,05$, $p < 0,0001$) og kyni ($F(1,1343) = 11,57$, $p < 0,0001$). Eins og sjá má í *Töflu 2* greindu stúlkur tækifæri til þátttöku oftast en drengir. Þá reyndust 11 ára nemendur oftast greina slík tækifæri en þeir sem eldri voru og 18 ára nemendur oftast en 14 ára nemendur, (Scheffé, $p < 0,05$). Stéttarstaða foreldra tengdist ekki sýn nemenda á tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum.

Loks kom fram munur á því hversu virkir nemendur telja sig í umræðu, bæði eftir kyni ($F(1,1343) = 56,28$, $p < 0,0001$) og aldri ($F(2,1328) = 16,79$, $p < 0,0001$). Eins og sjá má á meðaltölum í *Töflu 2* töldu stúlkur sig virkari í umræðu en piltar. Þá töldu 14 ára nemendur sig óvirkari í umræðu en 11 ára og 18 ára nemendur, (Scheffé, $p < 0,05$). Samvirgni milli kyns og aldurs kom þó fram. Bæði 11 og 18 ára stúlkurnar töldu sig virkari í umræðu en 14 ára stúlkurnar, (11 ára, $M = 3,34$; 14 ára, $M = 3,21$; 18 ára, $M = 3,30$, $F(2,75) = 7,47$, $p < 0,001$, Scheffé, $p < 0,05$). Meðal piltanna töldu aftur á móti þeir sem voru 18 ára sig virkari í umræðu en þeir sem voru 11 og 14 ára, (11 ára, $M = 3,04$; 14 ára, $M = 2,94$; 18 ára, $M = 3,21$, ($F(2,66) = 10,36$, $p < 0,001$, Scheffé, $p < 0,05$). Þá tengdist stéttarstaða foreldra sýn nemenda á eigin virkni í umræðu, ($F(2,1337) = 21,99$, $p < 0,0001$). Eins og sjá má á meðaltölum í *Töflu 2* töldu nemendur sem eiga foreldra í stétt 1 sig virkari í umræðu en nemendur sem eiga foreldra í stétt 2 eða 3, (Scheffé, $p < 0,05$).

Fylgni

Fylgni á milli breytanna 'sýn nemenda á tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum' og 'viðhorf þeirra til réttinda innflytjenda' reyndist marktæk, $r = 0,25$, $p < 0,01$. Virkni nemenda í umræðu reyndist einnig hafa marktæka fylgni við viðhorf nemenda til innflytjenda, $r = 0,37$, $p < 0,01$.

Fram kom jafnframt fylgni á milli frumbreytanna tveggja: tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum og virkni í umræðu, $r = 0,43$, $p < 0,001$. Þessi fylgni er nokkuð há en þó vel undir þeim viðmiðunarmörkum sem notuð eru til að skera úr um of háa fylgni milli frumbreyta (e. *multicollinearity*, Gujarati og Porter, 2008).

Viðhorf til réttinda innflytjenda: Sýn á tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum og á eigin virkni í umræðu

Til þess að kanna betur hvernig sambandi frumbreytanna tveggja—tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum og virkni í umræðu—við viðhorf til réttinda innflytjenda er háttað var keyrð fjölbreytuaðhvarfsgreining í þremur skrefum.

Niðurstöður aðhvarfsgreiningarinnar má sjá í *Töflu 3*. Í líkani 1 eru athuguð tengsl á milli breytanna 'tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum' og 'viðhorf til innflytjenda' að teknu tilliti til bakgrunnsbreytanna aldurs, kyns og stéttarstöðu. Í líkani 2 eru aftur á móti könnuð tengsl á milli breytanna 'virkni í umræðu' og 'viðhorf til innflytjenda' að teknu tilliti til bakgrunnsbreytanna. Líkan 3 sem jafnframt er lokalíkan rannsóknarinnar hefur að geyma báðar breyturnar 'tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum' og 'virkni í umræðu' og eru þær sem fyrr skoðaðar í tengslum við 'viðhorf til innflytjenda' að teknu tilliti til bakgrunnsbreyta.

Eins og sjá má í líkani 1 í *Töflu 3* komu fram marktæk tengsl á milli breytanna 'tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum' og 'viðhorf til innflytjenda'. Nemendur sem greindu frekar tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum voru líklegri til að hafa jákvætt við-

horf til réttinda og tækifæra innflytjenda en þeir sem síður greindu slík tækifæri, ($t(1,96) = 8,12$, $p < 0,0001$).

Einnig má sjá í líkani 2, að breytan sýn á 'eigin virkni í umræðu' tengdist marktækt 'viðhorfi nemenda til innflytjenda'. Fram kom að því virkari sem nemendur töldu sig í umræðu þeim mun líklegri voru þeir til að hafa jákvætt viðhorf til réttinda og tækifæra innflytjenda, ($t(1,96) = 11,88$, $p < 0,0001$).

Tafla 3 – Niðurstöður aðhvarfsgreiningar: Tengsl breytanna 'tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum' og 'virkni í umræðu' við viðhorf til réttinda innflytjenda (að teknu tilliti til bakgrunnsbreytanna aldurs, kyns og stéttarstöðu)			
	Líkan 1	Líkan 2	Líkan 3
Kyn (1 = drengir)	-0,27***	-0,22***	-0,22***
14 ára	-0,10*	-0,11*	-0,10*
18 ára	-0,10*	-0,13***	-0,12**
Stétt 2	0,14**	0,11*	0,12*
Stétt 1	0,19***	0,13***	0,14***
Tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum	0,20***	–	0,10**
Virkni í umræðu	–	0,33***	0,29***
R²	0,14	0,19	0,20
F	36,22***	50,60***	37,13***

Taflan sýnir óstaðlaða hallastuðla og marktækt.


* $p < 0,05$, tvíhliðapróf; ** $p < 0,001$, tvíhliðapróf.; *** $p < 0,0001$, tvíhliðapróf.

Í líkani 3 eru frumbreyturnar 'tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum' og 'virkni í umræðu' settar inn samtímis. Fram kom að sambandið á milli sýnar nemenda á lýðræðislegar umræður og viðhorfs þeirra til innflytjenda lækkar um helming eða úr 0,20 (sbr. líkan 1) í 0,10 (sbr. líkan 3) eftir að stjórnað hefur verið fyrir áhrifum breytunnar 'virkni í umræðu'. Sambandið helst engu að síður marktækt, ($t(1,96) = 3,49$, $p < 0,001$). Þessi niðurstaða bendir til þess að viðhorf nemenda til innflytjenda skýrist að hluta til af sýn nemenda á eigin virkni í umræðu, en einnig af upplifun þeirra af tækifærum til þátttöku í lýðræðislegum umræðum í bekkjarstarfi.

Til að kanna sambandið á milli frumbreytanna 'tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum' og 'virkni í umræðu' var keyrð jafna þar sem sýn nemenda á eigin virkni í umræðu var fylgibreyta og breytan tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum frumbreyta. Áfram var stjórnað fyrir bakgrunnsbreytunum kyn, aldur og stéttarstaða foreldra. Í ljós kom marktækt jákvætt samband milli tækifæra til þátttöku og virkni nemenda í umræðu, ($t(1,96) = 16,75$, $p < 0,0001$). Nánar tiltekið, þeir nemendur sem oftast greindu tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum virtust jafnframt telja sig virkari í umræðu.

Niðurstöðurnar benda til að sýn nemenda á tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum hafi því bæði bein tengsl við viðhorf þeirra til réttinda innflytjenda og virkni þeirra í um-

ræðu. Hér er því dregin sú ályktun að sambandið milli þátttöku í lýðræðislegum umræðum og viðhorfs nemenda til réttinda innflytjenda sé að hluta til miðlað í gegnum sýn þeirra á eigin virkni í umræðu. Þessu sambandi er lýst í *Mynd 1*.



Mynd 1 – Samband breytanna ‘tækifæri nemenda til þátttöku í lýðræðislegum umræðum’ og sýn þeirra á ‘eigin virkni í umræðu’ í tengslum við viðhorf þeirra til réttinda innflytjenda, * $p < 0,05$.

Sérstakur áhugi var á því að kanna sameiginlega skýringu á frumbreytunum tveimur, tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum og virkni í umræðu (incremental F-próf). Í ljós kom að breyturnar skýra samanlagt tæp 10% í viðhorfi nemenda til réttinda og tækifæra innflytjenda, ($F(5,65) = 45,375$, $p < 0,01$). Með öðrum orðum, sýn nemenda á tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum og á eigin virkni í umræðu skýrir um það bil helming af heildarskýringu viðhorfs nemenda til réttinda innflytjenda í lokálíkani rannsóknarinnar. Bakgrunnsbreyturnar kyn, aldur og stéttarstaða foreldra skýra einnig um það bil 10%. Samanlagt skýra því allar frumbreyturnar sem koma fyrir í líkani 3 um það bil 20% viðhorfs nemenda til réttinda og tækifæra innflytjenda.

Umræður

Markmið rannsóknarinnar var að kanna viðhorf 11, 14 og 18 ára nemenda til réttinda og tækifæra innflytjenda. Það viðhorf var athugað með hliðsjón af því annars vegar í hve miklum mæli þeim finnst þeir fá tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegum umræðum í bekkjarstarfi og hins vegar í tengslum við sýn þeirra á eigin virkni í umræðu. Einnig voru viðhorf nemenda til réttinda innflytjenda athuguð eftir því á hvaða aldri þeir voru, hvort í hlut ættu stúlkur eða piltar og eftir stéttarstöðu foreldra.

Meginniðurstaða rannsóknarinnar er sú að nemendur, sem telja sig fá ríkari tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum og þeir sem telja sig virkari í umræðu, hafa jákvæðara viðhorf til réttinda innflytjenda en aðrir nemendur. Hér verður gerð nánari grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar.

Aldur, kyn og stéttarstaða

Fyrst ber að nefna að viðhorf ungmennanna til réttinda innflytjenda var almennt jákvætt. Til marks um það styður mikill meirihluti eða um 90% þeirra réttindi barna innflytjenda til menntunar og um 80% vill að innflytjendur hafi rétt til þess að viðhalda tungumáli sínu og siðum. Þessar niðurstöður eru mjög áþekkar niðurstöðum í alþjóðlegum rannsóknum IEA, bæði *CIVED* árið 1999 (Torney-Purta, o.fl., 2001) og *ICCS* árið 2009 (Kerr o.fl., 2010; Schulz o.fl., 2010).

Stúlkur reyndust við 14 og 18 ára aldur hafa jákvæðara viðhorf til innflytjenda en piltar á sama aldri og eru þær niðurstöður á sömu lund og niðurstöður fyrri rannsókna bæði hér á landi og erlendis (t.d. Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl., 2005; Krangle, 2001; Torney-Purta, o.fl., 2001). Spurning er hvort þessi niðurstaða tengist því að stúlkur virðast oftast en ekki já-

kvæðari í garð réttinda fólks þar sem markmiðið er að hlúa að eða vernda fólk (Torney-Purta ofl., 2008). Þá voru 11 ára nemendurnir jákvæðari í garð réttinda innflytjenda en 14 ára nemendur.

Jafnframt kom fram að þau ungmenni sem eiga foreldra sem hafa hærri stéttarstöðu í samfélaginu sýna jákvæðara viðhorf til innflytjenda. Þessi niðurstaða er samhljóma fyrri rannsóknum (t.d. Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl., 2005; Kerr o.fl., 2010; Krange, 2001; Schulz o.fl., 2010; Torney-Purta o.fl., 2001).

Tækifæri til lýðræðislegrar umræðu og virkni í umræðu

Sú niðurstaða, að þeir nemendur sem töldu sig oftast fá tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum í bekkjarstarfi voru jákvæðari í garð réttinda innflytjenda en aðrir nemendur, er í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna (Gniesz og Noack, 2008; Torney-Purta o.fl., 2008). Tækifærin felast m.a. í því að kennararnir hvetja nemendur til að hafa skoðanir á málum og ræða álitamál. Þessi niðurstaða kom fram þótt tekið væri tillit til aldurs nemenda, kyns og stéttarstöðu.

Þá kom fram að þeir unglingar sem telja sig virkari í umræðu – sem felst m.a. í því að reyna oftast að skoða mál frá mismunandi hliðum og oftast að ná sameiginlegri niðurstöðu þegar þeir eru ósammála öðrum – höfðu jákvæðara viðhorf til tækifæra og réttinda innflytjenda.

Athyglisverðar niðurstöður koma jafnframt fram þegar skoðuð eru í senn tengslin á milli þess í hvaða mæli nemendum telja sig fá tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum, sýnar þeirra á eigin virkni í umræðu og viðhorfs þeirra til réttinda innflytjenda. Í fyrsta lagi kemur fram að þeir nemendur sem töldu sig fá oftast tækifæri til þátttöku í viðræðum sögðust virkari í umræðu. Í öðru lagi kemur fram að þeir nemendur sem litu svo á að þeir fengju góð tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum í bekkjarstarfi sýndu jákvæðara viðhorf til innflytjenda hvort sem þeir töldu sig virka í umræðu eða ekki. Þessi niðurstaða gefur mikilvæg skilaboð: Það skiptir máli að nemendur skynji að kennarar hvetji þá til að ræða mál á lýðræðislegan máta; það geta þeir m.a. gert með því að fá nemendur til að ræða álitamál þar sem sitt sýnist hverjum, kalla eftir skoðunum þeirra á málum, fá þá til að segja hvað þeim finnst og hlusta hver á annan og að kennarar hlusti á skoðanir nemenda sinna og kynni fleiri en eina hlið mála sem rædd eru í tímum. Niðurstaðan ætti að vera hvetjandi fyrir þá sem vilja stuðla að lýðræðislegum umræðum barna og unglinga. Þótt nemendum fundist þeir ekki virkir í umræðu, m.a. með því að tjá skoðanir sínar og ræða álitamál, voru þeir engu að síður líklegri til að hafa jákvætt viðhorf til réttinda innflytjenda ef þeim fannst kennarinn hvetja þá til að ræða mál á lýðræðislegan máta.

Í þriðja lagi kemur sú athyglisverða niðurstaða fram að sýn nemenda á tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum styrkir virkni þeirra í umræðu sem síðan tengist jákvæðum viðhorfum þeirra til tækifæra og réttinda innflytjenda. Í þessu samhengi er athyglisvert að sýn nemenda á eigin virkni í umræðu virðist tengjast viðhorfi þeirra til réttinda innflytjenda meira en aðrir þættir sem til athugunar eru, m.a. meira en þátturinn tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum í bekkjarstarfi.

Það sem vekur þó sérstaka athygli er að tengslin við viðhorf nemenda til réttinda innflytjenda verða enn jákvæðari þegar nemendur gera framangreind skilaboð kennarans að sínum; þ.e. þegar nemendum finnst þeir sjálfir vera virkir í umræðu með því m.a. að hlusta á skoðanir annarra þótt þeir séu þeim ósammála, reyna að skoða mál frá mismunandi hliðum, segja sína skoðun jafnvel þótt aðrir séu ósammála, reyna yfirleitt að ná sameiginlegri niðurstöðu þegar þeir eru ósammála öðrum og hlusta með virðingu á fólk af öðrum uppruna. Um leið og nemendur tileinka sér að taka þátt í lýðræðislegum umræðum að hvatningu kennara og leitast við að vera virkir í umræðu minnka beinu tengslin á milli

hvatningar kennara til þátttöku og viðhorfs nemenda til réttinda innflytjenda. Í þessu ferli endurspeglast góð kennsla. Gildin, markmiðin og umræðan (kennarinn hvetur til þátttöku í lýðræðislegum umræðum) verða nemendum merkingarbær; þeir gera viðfangsefnið að sínu og nálgunina að sinni (sbr. sýn á eigin virkni í umræðu) sem birtist m.a. í viðhorfi þeirra, eins og í þessu tilviki til réttinda innflytjenda. Það er einmitt í þessum anda sem Dewey (2000/1938) sá fyrir sér að lýðræðislegir starfshættir skóla skiluðu sér í gildum, viðhorfi og lífsmáta nemenda.

Óhætt er því að álykta sem svo að framangreindar niðurstöður styðji hugsjónir fólks um mikilvægi þess að skapa skólasamfélag sem hvetur til lýðræðislegra umræðna og virkni nemenda. Fjölmargir fræðimenn, ekki síst undir merkjum Deweys (1944/1916), hafa fjallað um gagnsemi þess og árangur að hvetja til markvissra, opinna og lýðræðislegra umræðna í skólasterfi. Slíkar umræður geta eftt skilning ungmenna á lýðræðislegum gildum (Gaudelli og Fernekes, 2004) og hlúð að siðferðiskennd þeirra (t.d. Power o.fl., 1989), félagsprosa og samskiptahæfni (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1993) og borgaravitund og borgaralegri þátttöku (Hahn, 1998; Torney-Purta o.fl., 2008; Selman og Kwok, 2010; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007; Wolfgang Edelstein, 2008).

Þann varnagla verður að slá við niðurstöður okkar um tengsl tækifæra til að taka þátt í lýðræðislegum umræðum og viðhorfs til réttinda innflytjenda að einvörðungu er stuðst við mat nemendanna á því í hve miklum mæli kennarar hvetja þá til umræðna í stað þess að fá fram víðtækara mat, t.d. frá kennurum eða með þátttökuathugunum. Hér var þó fyrst og fremst lögð áhersla á sýn nemenda, upplifun þeirra og hvernig hún tengist viðhorfum þeirra. Reynsla þeirra skiptir máli um viðhorf þeirra enda hefur þótt skorta á að rödd barna og ungmenna heyrst og þá ekki síst þegar kemur að samfélagsviðhorfum þeirra og virkni sem borgara í samfélaginu (t.d. Biesta, Lawy og Kelly, 2009).

Meðal styrkleika rannsóknarinnar má nefna að þátttakendur eru úr þremur byggðakjörnum landsins. Aldurshópurinn er breiðari en tíðkast í rannsóknnum á þessu sviði. Sumar mælinganna eru notaðar á alþjóðlegum vettvangi sem styrkir rannsóknina og auðveldar samanburð. Þá eru teknir til athugunar þættir eins og sýn nemenda á eigin virkni í umræðu sem ekki hefur verið gert áður í þessu samhengi og skiptir greinilega miklu um viðhorf þeirra til innflytjenda.

Mikilvægt er að standa að frekari rannsóknnum á þessu sviði. Þar má nefna að kanna sýn nemenda á tækifæri til þátttöku í lýðræðislegum umræðum í bekkjarstarfi og sýn þeirra á eigin virkni í tengslum við viðhorf þeirra til mannréttinda annarra samfélagshópa sem standa gjarnan höllum fæti í samfélaginu vegna kynferðis, kynhneigðar og fötlunar svo að dæmi séu nefnd. Þá er mikilvægt að kanna hvernig uppeldisaðferðir foreldra tengjast sýn ungmenna á eigin virkni í umræðu og viðhorfum þeirra til mannréttinda. Einnig samspil uppeldisaðferða foreldra og hvatningar kennara til þátttöku í lýðræðislegum umræðum við viðhorf nemenda og virkni.

Hvatningarorð

Í stuttu máli benda niðurstöður rannsóknarinnar til þess að nemendur hafi jákvæðara viðhorf til tækifæra og réttinda innflytjenda ef þeim finnst kennarar hvetja sig til að taka þátt í lýðræðislegum umræðum og ef þeir líta sjálfir svo á að þeir séu virkir í umræðu á sömu nótum. Rannsóknin skipar sér þannig sess í fræðilegri umræðu og rannsóknnum að mikilvægt sé í skólasterfi að virkja nemendur í umræðum.

Eins og fram kom í inngangi er víða lögð rík áhersla á mikilvægi lýðræðis- og mannréttindamenntunar. Stefnit er að því að ungt fólk búi yfir þekkingu, skilningi, færni og viðhorfi sem geri því kleift að eiga farsæl samskipti við ólíka menningarhópa og stuðla að réttlátu

samfélagi (t.d. Evrópuráðið, 2011). Þessi áhersla birtist í námskrám ýmissa þjóða, m.a. hér á landi í grunnþættinum *lýðræði og mannréttindi* þar sem markmiðið er að efla gagnrýna hugsun nemenda, ábyrgðarkennd þeirra, samskiptahæfni, virðingu fyrir fjölbreytileika og virka þátttöku þeirra í samfélaginu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Einn mikilvægur þáttur þess að vinna að ofangreindu markmiði er að kenna nemendum *um* lýðræði og mannréttindi *í* lýðræði, láta þá reyna lýðræði á eigin skinni og læra þannig *til* lýðræðis (sjá t.d. Wolfgang Edelstein, 2008).

Stefnan í menntamálum er skýr og hlutverk skólans í þessum efnum mikilvægt og ljóst. Vonir eru bundnar við að niðurstöðurnar hvetji kennara og annað skólafólk enn frekar til að efla og styrkja nemendur til virkrar þátttöku í lýðræðislegum umræðum um mikilvæg málefni samfélagsins; umræðum þar sem þeir eru reiðubúnir og finnst mikilvægt að tjá skoðanir sínar, hlusta með virðingu á mismunandi skoðanir fólks, skoða og velta fyrir sér mismunandi hliðum mála, vega sjónarmið og ná sátt og samkomulagi.

Lýðræðislegar umræður í bekkjarstarfi eru þó óneitanlega krefjandi kennsluaðferð. Bæði innlendir og erlendir rannsóknir á kennsluaðferðum benda til að ríkjandi kennsluform séu fyrirlestrar, þjálfunaræfingar og endursagnir; minna sé um opnar og uppbyggjandi umræður (Ingvar Sigurgeirsson, 1992; Nystrand, Gamoran, Kachur og Prendergast, 1997). Í athugun á reynslu fimm kennara í lífsleikni af notkun samræðuáðferðar kemur fram að þeir telja ýmislegt standa í vegi fyrir því að nota lýðræðislegar umræður í kennslu (Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir, 2010). Helst nefndu þeir að erfitt væri að fá nemendur til að hlusta hver á annan bæði vegna stærðar bekkja og reynsluleysis nemenda af því að taka þátt í lýðræðislegri umræðu. Þeir töldu jafnframt að lýðræðislegar umræður krefðust ekki aðeins þjálfunar nemenda heldur einnig kennara og töldu að slíka þjálfun þyrfti að bæta í kennaranámi þeirra og starfi. Þá nefndu þeir að erfitt væri að sannfæra foreldra um ágæti slíkra kennsluaðferða. Ekki væri heldur auðvelt að meta árangur af lýðræðislegri umræðu með hliðsjón af hefðbundnum matstækjum og þeim viðmiðum sem flestir skólar styðjast við.

Ofangreindar niðurstöður, um hve krefjandi það er að leiða lýðræðislegar umræður í bekkjarstarfi, eru umhugsunarverðar þegar litið er á niðurstöður þessarar rannsóknar. Í því ljósi er enn brýnna að hvetja kennara og aðra þá sem starfa með börnum og ungmennum til að huga að lýðræðislegum umræðum og mikilvægi þeirra; að leiða slíkar umræður og styðja við þær bæði í kennaranámi og símenntun kennara. Í víðara samhengi og þegar til framtíðar er litið eru vonir bundnar við að þátttaka barna og unglunga í umræðum um málefni samfélagsins á lýðræðislegum nótum leggi grunn að viðsýnna og réttlátara samfélagi.

Þakkir

Rannsóknasjóður Rannís og Rannsóknasjóður Háskóla Íslands veita Sigrúnu Aðalbjarnardóttur mikilvæga styrki til þessarar rannsóknar, sem er hluti rannsóknarinnar *Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi*. Ungu fólkið, sem tók þátt í rannsókninni fær sérstakar þakkir. Skólastjórnendum og skólameisturum, kennurum unga fólksins og foreldrum þeirra eru einnig færðar bestu þakkir. Jafnframt er aðstoðarfólki á rannsóknarsetrinu Lífshættir barna og ungmenna, sem tók þátt í undirbúningi rannsóknarinnar og gagnasöfnun, þökkud afar vel unnin störf, þ. m. t. öðrum höfundum greinarinnar, Evu Harðardóttur.

Heimildir

Bakhtin, M. M. (1981). *The dialogic imagination*. Austin, TX: University of Texas Press.

Banks, J. A. (2009). Diversity, group identity and citizenship education in a global age. Í J. A. Banks (ritstjóri), *The Routledge international companion to multicultural education* (bls. 303–318). New York: Routledge.

Berkowitz, M. W. Sherblom, S., Bier, M. og Battistich, V. (2006). Educating for Positive youth development. Í M. Killen og J. Smetana (ritstjórar), *Handbook of moral development* (bls. 683–701). Mahwah, NJ: Erlbaum.

Biesta, G. J. J., Lawy, R. og Kelly, N. (2009). Understanding young people's citizenship learning in every day life: The role of contexts, relationships and dispositions. *Education, citizenship and social justice*, 1, 5–24.

Blondal, K. S., Jonasson, J. T. og Tannhauser, A-C. (2011). Dropout in a small society: Is the Icelandic case somehow different? Í S. Lamb, E. Markussen, R. Teese, N. Sandberg og J. Polesel (ritstjórar), *School Dropout and Completion. International Comparative Studies in Theory and Policy* (bls. 233–251). London: Springer.

Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson. (1999). *Æska og saga: Söguvitund íslenskra unglinga í evrópskum samanburði*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun og Háskólaútgáfan.

Campbell, D. E. (2008). Voice in the classroom: How an open classroom climate fosters political engagement among adolescents. *Political Behavior*, 30, 437–454.

Cornett, J. og Gaudelli, W. (2003, 10.–12. apríl). *Fostering democratic discussions in the classroom. An examination of tension in civic education, contemporary schools, and teacher education*. Erindi flutt á ráðstefnunni Education in democracy for social studies teachers. Flórida: Center for Civic Education, University of Florida. Sótt af http://www.eric.ed.gov/ERICWebPortal/search/detailmini.jsp?_nfpb=true&_ERICExtSearch_SearchValue_0=ED475582&ERICExtSearch_SearchType_0=no&accno=ED475582

Crick, R. D. (2005). Citizenship education and the provision of schooling: A systematic review of evidence. *Citizenship teaching and learning*, 1. Sótt af <http://www.citized.info/pdf/ejournal/vol%201%20Number%202/010.pdf>

Damon, W. (2001). To not fade away: Restoring civil identity among the young. Í D. Ravitch og J. P. Viteritti (ritstjórar), *Making good citizens: Education and civil society* (bls. 122–141). New Haven: Yale University Press.

Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega gefið út 1938).

Dewey, J. (1994). *Hugsun og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega gefið út 1933).

Dewey, J. (1944). *Democracy and education*. London: The Free Press. (Upphaflega gefið út 1916).

Evrópuráðið. (2011). *Education for democratic citizenship and human rights*. Brussel: Höfundur. Sótt af http://www.coe.int/t/dg4/education/edc/default_en.asp

Evrópuráðið. (2010). Ráðleggingar ráðherranefndar menntamála og vísinda: CM/Rec(2010)7. Brussel: Höfundur. Sótt af <https://wcd.coe.int/ViewDoc.jsp?id=1621697>

Fine, M. og Bermudez, A. (2007). *The Civic capacities for deliberations scale: Civic Learning study*. Óbirt rit.

Gaudelli, W. og Fernekes, W. R. (2004, janúar/febrúar). Teaching about global human rights for global citizenship: Action research in the social studies curriculum. *The Social Studies*, 16–26.

- Gniewosz, B. og Noack, P. (2008). Classroom climate indicators and attitudes towards foreigners. *Journal of Adolescence*, 31, 609–624.
- Guðmundur E. Finnbogason, Gunnar J. Gunnarsson, Halla Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2011). Lífsviðhorf og gildi. Viðhorfakönnun meðalungs fólks í framhaldsskólum á Íslandi. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/009.pdf>
- Gujarati, D. og Porter, D. (2008). *Basic Econometrics*. NY: McCraw-Hill.
- Hahn, C. (1998). *Becoming political: Comparative perspectives on citizenship education*. Albany: State University of New York Press.
- Haste, H. (2001). The new citizenship of youth in rapidly changing nations. *Human Development*, 44, 375–381.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson og Jón Sigfússon. (2005). *Félagslegir bakgrunnspættir og viðhorf ungs fólks til innflytjenda á Íslandi: Rannsókn meðal nemenda í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi árin 1997–2004*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Ingvar Sigurgeirsson. (1992). *The role, use and impact of curriculum materials in intermediate level Icelandic classrooms*. Doktorsritgerð. The University of Sussex, England.
- International Association for the Evaluation of Educational Achievement. (2011a). *Civic education study, 1999*. Amsterdam: IEA. Sótt af <http://www.iea.nl/cived.html>
- International Association for the Evaluation of Educational Achievement. (2011b). *The international civic and citizenship education study, 2009*. Amsterdam: IEA. Sótt af http://www.iea.nl/iccs_2009.html
- Ístær95 – Íslensk starfaflokkun byggð á alþjóðlega staðlinum ISCO-88. (2009). Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir, 2010. *Samræðusiðfræði í skólastofunni: Tímaeyðsla eða mikilvægur undirbúningur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi?* Meistararitgerð. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/5674>
- Johnson, D. W. og Johnson, R. T. (1996). Conflict resolution and peer mediation programs in elementary and secondary schools: A review of research. *Review of Educational Research*, 66, 459–506.
- Kerr, D., Sturman, L., Schulz, W. og Burge, B. (2010). *ICCS 2009 European report. Civic knowledge, attitudes and engagement among lower-secondary students in 24 European countries*. Amsterdam: IEA.
- Kohlberg, L. (1981). *The philosophy of moral development*. San Francisco: Harper and Row.
- Krange, O. (2001). Anti-foreign sentiments among youth in Oslo: A matter of social stratification or individualized identity formation. *Young*, 43, 42–64.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Ný menntastefna – útgáfa aðalnámskrár*. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6004>

Nystrand, M., Gamoran, A., Kachur, R., og Prendergast, C. (1997). *Opening dialogue: Understanding the dynamics of language and learning in the English classroom*. New York: Teachers College Press.

Olander, M., Kirby, E. H. og Schmitt, K. (2005). *Fact sheet: Attitudes of young people toward diversity*. College Park, MD: The Center for Information and Research on Civic Learning and Engagement. University of Maryland. Sótt af <http://www.civicyouth.org/PopUps/FactSheets/Attitudes%202.25.pdf>

Oser, F., Althof, W. og Higgins-D'Alessandro, A. (2008). The Just Community approach to moral education: System change or individual change? *Journal of Moral Education*, 37, 395–415.

Osler, A. og Starkey, H. (2003). Learning for cosmopolitan citizenship: Theoretical debates and young people's experiences. *Educational Review*, 3, 243–254.

Ólafur Páll Jónsson. (2011). *Lýðræði, réttlæti og menntun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Power, F. C., Higgins, A. og Kohlberg, L. (1989). *Lawrence Kohlberg's approach to moral education*. New York: Columbia University Press.

Schulz, W., Ainley, J., Fraillon, J., Kerr, D. og Losito, B. (2010). *ICCS 2009 International report. Civic knowledge, attitudes, and engagement among lower secondary school students in 38 countries*. Amsterdam: IEA.

Selman, R. L. og Kwok, J. (2010). Informed social reflection: Its development and importance for adolescents' civic engagement. Í L. R. Sherrod, J. Torney-Purta og C. A. Flanagan (ritstjórar), *Handbook of research on civic engagement in youth* (bls. 651–685). New Jersey: John Wiley.

Sherrod, L. R., Torney-Purta, J. og Flanagan, C. A. (2010). *Handbook of research on civic engagement in youth*. New Jersey: John Wiley.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (1993). Promoting children's social growth in the schools: An intervention study. *Journal of Applied Developmental Psychology*, 14, 461–484.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21.aldar*. Reykjavík: Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2011). *Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi*. Reykjavík: Rannsóknarsetrið lífshættir barna og ungmenna – Félagsvísindastofnun og Mennta- vísindastofnun Háskóla Íslands.

Solomon, D., Watson, M. S. og Battistich, V. A. (2001). Teaching and schooling effects on moral/social development. Í V. Richardson (ritstjóri), *Handbook of research on teaching* (bls. 561–603). Washington, DC: American Educational Research Association.

Torney-Purta, J., Lehmann, R., Oswald, H. og Schulz, W. (2001). *Citizenship and education in twenty-eight countries*. Amsterdam: IEA.

Torney-Purta, J., Wilkenfeld, B. og Barber, C. (2008). How adolescents in 27 countries understand, support and practice human rights. *Journal of Social Issues*, 4, 857–880.

Torney, J., Oppenheim, A. N. og Farnen, R. F. (1975). *Civic education in ten countries*.
Stokkhólmur: Almqvist och Wiksell International.

Wolfgang Edelstein. (2008). Hvað geta skólar gert til að efla lýðræði? Hæfni og færni í draumalandi. Í Dóra S. Bjarnason, Guðmundur Hálfðánarson, Helgi Skúli Kjartansson, Jón Torfi Jónasson og Ólöf Garðarsdóttir (ritstjórar), *Menntaspor – rit til heiðurs Lofti Guttormssyni sjötugum* (bls. 65–78). Reykjavík: Sögufélag.



Sigrún Aðalbjarnardóttir og Eva Harðardóttir. (2012).
Lýðræðislegar umræður og viðhorf til réttinda innflytjenda: Sýn nemenda.
Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/013.pdf>